

# Morgunblaðið

## mbl.is/gagnasafn

Laugardaginn 19. mars, 2011 - Myndlist  
MYNDLIST - Gallerí Ágúst

## Malerísk þrykk

Guðrún Kristjánsdóttir – Sýni/Specimen \*\*\*\*-



[ Smelltu til að sjá stærri mynd ]

Til 19. mars 2011. Opið fös.-sun. kl.  
13-17 og eftir samkomulagi. Aðgangur  
ókeypis.

Fjallshlíðar hafa löngum heillað Guðrúnu Kristjánsdóttur og veitt henni innblástur við gerð myndlistarverka um árabíl. Síðbreytileiki hlíðanna í mismunandi veðri og birtu endurspeglast í margháttadri útfærslu verkanna; hún hefur m.a. leitast við að fanga óræða þoku, litablæbrigði og hverfuleika snjóalaga í olíumálverkum, ljósmyndum og myndbandsverkum en hver miðill

býður upp á mismunandi túlkunarmöguleika og áhrif. Á sýningunni „Sýni“ í Gallerí Ágúst einbeitir hún sér að grafíkmiðlinum og hefur fengið valinkunna fagmenn á því sviði til að að liðsinna sér við tæknilega útfærslu verkanna.

Sýnin sem um ræðir eru prent og þrykk af ýmsu tagi, svo sem steinþrykk, silkiþrykk og stafrænt prent og í einu verki er formum einfaldlega þrykkt á þykkann pappír svo eftir sitja fýr, dálítið eins og skorningar í snæviþöktu landi. Á öðrum stað hefur „útskorið“ málningarskæni, sem ber svipmót mynstraðrar fjallshlíðar, verið fest beint á vegg. Hluti af þessari „hlíð“ – líkt og sýnishorn hennar – er hins vegar í formi silkiþrykktrar myndar sem stendur út úr veggnum. Þannig undirstrikar Guðrún ekki aðeins að um myndræna framsetningu á landslagi sé að ræða, heldur einnig hvernig mismunandi tækniáferðir og tilraunir skapa ólík áhrif. Val á pappír og blæbrigðum prentlitarsins og efnisins ljær raunar sýningunni í heild einkar blæbrigðaríka áferð. Ljósmyndir af fínlegum landslagsformum í nærmynd (t.d. mosa, ísnálum, skófum), yfirfærðar í silkiþrykk, í lágstemmdum litum, auka enn á skynræn áhrifin.

Þessi fagaða sýning, sem byggist á vel heppnuðu samstarfi, bregður ljósi á listsköpun Guðrúnar í heild: grafíkverkin, þar sem mætast pappír, litur og pressa endurspeglar skemmtilega þá „veðurskrift“ sem verður til þegar veðuröflin snerta landið og móta. Mörg málverka Guðrúnar hafa grafískt yfirbragð og hér má segja að hún gangi alla leið og gefi sig grafískum litafötum á vald – en um leið skilar „malerísk“ kennd listamannsins sér óvænt í grafíkverkunum og gæðir þau seiðandi efniskennnd.

Anna Jóa

## Aðrar greinar

Laugardaginn 19. mars, 2011 - Myndlist

- Anna veitir leiðsögn í Listasafni...
- Sútur í sýn Finnboga
- Kjarvalsdeildin í stuði
- Himinn, vötn og víðátta
- Gjörningar framdir í Nýlistasafninu
- Áhorfandinn tekur þátt
- „Við völdum bara verk sem töluðu...

Slóð: [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1371755;t=1300545600](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1371755;t=1300545600)  
Skoðað: 2011-03-19 14:40  
© mbl.is/Árvakur hf

▪

•